

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar



Leikskólinn Furuskógur

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

- **Um starfsáætlanir leikskóla**

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

- **Leiðarljós Furuskógar:** Við höfum kærleika, gleði og faglega umhyggju að leiðarljósi í uppeldi og menntun barna, sem stuðlar að því að börn þróa með sér jákvæða sjálfsmynd, með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings, svo þau verði fær um að lifa og starfa á farsælan hátt í samfélagi við aðra menn og umhverfi sitt.
- **Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári**



Ef ég lít til baka til að sjá hvað hefur áunnist á þessu skólaári

ber fyrst að nefna hvað læsi er orðið sýnilegt í daglegu starfi leikskólans. Gaman er að sjá hvað heimsókn starfsmanna í leikskólann Jötunheima á Selfossi hefur skilað sér vel inn í starfið því vinna með námsefnið „Lubbi finnur málbein“ hefur þróast og vaxið, og „Lubbi“ orðinn hluti af hópnum. Mikill áhugi er á að halda áfram að vinna með Lubba eins og kemur fram í umbótaráætlunum deildanna.

Einnig er gaman að sjá hvernig breyting á skipulagi samverustunda hefur skilað sér vel.

Þá hefur samstarf við Borgarbókasafnið orðið markvissara og fleiri deildir komið að því. Þessar heimsóknir eru góð leið að læsi.



Lýðræðið verður æ sýnilegra í starfinu með börnunum. Þau eru farin að koma mikið að skipulagningu starfsins og taka meiri þátt í endurmati þess. Við stuðlum að jafnrétti og virkri þátttöku barnanna og sjónarmið þeirra eru virt í ákvörðunum um leikskólastarfið. Starfsfólk er börnunum fyrirmynd í lýðræðislegum starfsháttum og börnum eru sköpuð tækifæri til að þróa færni sína í lýðræðislegum vinnubrögðum. Réttlæti og virðing einkenna samskipti, öll börn eru hvött til að tjá skoðanir sínar og tillit tekið til þeirra. Haldnar eru kosningar á meðal barnanna um tæk á viðfangsefnum og eru úrslit kosninganna bindandi.



Í vetur náðum við að klára að uppfylla annað skrefið í „Grænum skrefum Reykjavíkurborgar“ og fengum viðkenningu fyrir það. Það hefur gengið vel að flokka og flokkunin orðinn sjálfsagður hluti af daglegu starfi leikskólans. Við ætlum að halda áfram í vetur og stefnum á að uppfylla 3. skrefið í Grænu skrefunum.

Við höfum verið í samstarfi við Íþróttafélagið Víking varðandi reglulegar hreyfistundir fyrir elstu börnin og í vetur bættist við að næstelsti árangurinn fékk einnig að fara í heimsóknir einu sinni í viku í Víkina. Við erum þakklát fyrir þetta góða samstarf sem er frábær viðbót við leikskólastarfið.

Þá hefur verið gaman að fylgjast með verkefni barnanna á Álfasteini sem hafa farið í ferðir og skoðað stytur víðsvegar um borgina og unnið með verkefnið þegar heim er komið.





Skipurit leikskólans er tilbúið og ætlum við vinna með það í vetur og gera starfslýsingar skýrari og sýnilegri. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa fengið boð um að taka þátt í tilraunaverkefni ásamt fleiri stjórnendum um streitu og álag og hvernig er hægt gera starfslýsingar skýrari

Útinámið hefur gengið vel í vetur og börnin passa upp á að það falli ekki niður. Í útináminu fer fram heilmikil skráning sem hefur verið sýnileg fyrir foreldra.



Samvinna á milli húsanna er alltaf að aukast og verður gaman að fylgjast með henni í vetur.

*Síðastliðinn vetur hófum við þátttöku í nýju verkefni sem heitir **Heilsueflandi leikskóli** og er á vegum Embættis landlæknis. Því er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsuefingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. Við ætlum að halda áfram með þetta verkefni í vetur. Það er okkar trú að verkefnið falli vel að því starfi sem unnið er í skólanum í dag og muni gera það markvissara.*


Næsta vetur heldur verða litlar breytingar í starfsmannahópnum og má segja að við í Furuskógi eigum mikinn auð í starfmönnunum okkar sem margir hafa átt langan starfsaldur á sama stað.

Sigrún Björg Ingbórsdóttir, leikskólastjóri, sem starfað hefur við leikskólann frá upphafi hans, lét af störfum 1. júní sl. Hún hefur stýrt leikskólanum farsællega frá upphafi og eigum við í Furuskógi henni margt að þakka. Nýir stjórnendur skólans munu því byggja á góðum grunni og vonandi bera gæfu til að skila ekki síðra verki. Henni er hér með þakkað ánægjulegt samstarf alla tíð og dýrmæt vinátta sem við fáum vonandi að njóta áfram.

Foreldrafélaginu og foreldraráðinu þakka ég fyrir þeirra störf á síðasta ári, en það er styrkur af þeirra framlagi í starfi skólans. Öllum foreldrum þakka ég fyrir gott samstarf á liðnu starfsári, sem og börnum og starfsfólki skólans.

- **Um innra mat í leikskólum**

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**



Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna liðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.

Skólaárið 2018-2019 ætlum við að skoða og meta brag leikskólans. Við ætlum að skoða viðmót og menningu. Velferð og líðan barna. Þátttöku foreldra í leikskólastarfinu og upplýsingamiðlun. Viðhorf foreldra. Við innra mat þessara þátt ætlum við að nota við skipulagið hér fyrir ofan. Að skipuleggja í haust hvað matsaðferðir við ætlum að notast við. Greina niðurstöður og setja þær fram. Gera umbótaáætlanir sem verða byggðar á útkomu þeirra.

	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Halda áfram með grænskref	Að ljúka skrefi 3	Uppfylla skilyrði fyrir skrefi 3	Haust 2018-2019	Helga og Inga	Fræðsla til starfsmanna Á skipulagsdögum	Uppfylla skref 3
Heimasíðan	Heimasíðan verði aðgengileg Og réttar upplýsingar þar	Nýta mannauðinn	Vor 2019	Helga og Inga	Í vor senda út könnun til foreldra	Að heimasíðan verður vettvangur þar sem hægt að fylgjast með starfi

						leikskólan s.
PBS	Allt starfsfólk sé upplýst um PBS og hvernig það er notað	Fræðsla til starfsfólks	Haust-Vor	Helga og Inga	Skoðað í vor	Allir sé upplýstir um PBS
Samræma ferilmöppur	Að innhald ferilmappa séu samræmdar á milli húsa og fylgi barninu í gegnum leikskólan	Starfsfólk samræmi vinnubrögð	Haust-vor	Deildarstjórar Helga og Inga	Skipulagsdagur í vor 2019	Allar ferilmöppur innhalda svipað innihald.

Umbótaráætlun Birkilundar

Umbóta-þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma - áætlun	Ábyrgðar aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hlutverk starfsmanna	Hafa skýrar reglur og viðmið um	-Hafa reglur og viðmið um	Hefst strax	Deildarstjóri í samræmi	-Umræður með starfsfólki	-allir, einning afleysingastarfsfólk þekkja

	hlutverk starfsmanna á deild svo allir viti hvað á að gera líka afleysingarfólk.	hlutverk starfsmanna upp á vegg		við starfsmenn á Birkilundi.	-Janúar 2019.	hlutverk sitt.
Deildarfundir	Starfsfólk fái fasta tíma til að ræða um börnin og starfið á Birkilundi	- Mánaðaðar legir deildarfundir. Setja niður ákveðinn dag í hverjum mánuði.	Hefst strax	Deildarstjóri	-Skráning hvernær deildarfundir eru og hvað fór fram á þeim -Janúar 2019	-Markmið náð þegar við höfum mánaðarlega deildarfundir.
Undirbúnings tímar	Starfsfólk á birkilundi fái fast undirbúnings tíma	Skipuleggja fyrirfram hver og hvernær verður farið í undirbúning	Hefst strax	Deildarstjóri í samræmi við starfsmenn á Birkilundi	Skrá niður hver á að fara í undirbúning á dagbók fyrirfram Janúar 2019.	Þegar allir hafa fasta og reglulega undirbúningstíma

Umbótaráætlun Grenilundar

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði

					gögnum)	sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hópastarfið	Auðveldar afleysingafólki að koma inn í starfið. Meiri ró í barnahópinnsvo hvert barn fái notið sín.	Hringekja	Við upphaf nýárs	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Hver starfsmaður skráir hjá sér hvernig gekk og hvað var gert	Á deildarfundum verður farið yfir stöðu mála
Undirbúningstímar	Ná sem mestu fram með vel skipulagðri vinnu	Virkja bókina enn betur fyrir skráningu yfir hvað var gert og halda áfram með	Við upphaf ný skólaárs.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Um áramót	Umræða með starfsfólki.
Samverustundir	Gera hana aðgengilegri, eftir að henni var skipt upp í fjórskiptar stundir	Hafa öll gögn á einu stað svo auðvelt sé að grípa þau með sér.	Við upphaf nýs skólaárs.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.	Um áramót.	Umræður með starfsfólki

3.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að	Að hverju	Hvernig	Hvenær	Hver ber	Hvaða aðferðir	Viðmið

bæta? Síðdegishressing	er stefnt? Skapa meiri ró og einnig að minnka álag á salerni og fataherbergi	framkvæmu m við það? Með því að skiptahópn um þaning að annar hópurinn byrjar 10. mín fyrir á stundinni.	hefst og hvenær lokið? Við upphaf nýs skólaárs.	ábyrgð? Deildarstjóri og allir starfsmenn á deildinni.	á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) Um áramót.	er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Umræður með starfsfólki
Útinám	Að nýta garðinn til skipulags útináms.	Nota garðinn okkar yfir dimmustu mánuðina og þegar færð er erfið	Þegar líður á veturinn.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar .	Um áramót.	Umræða með starfsfólki.
Að minnka biðstundir hjá börnunum	Skapa meiri ró.	Með því að vera meðvitaðar um vera með færri börn á akv svæðum og verkefnum.	Við upphaf nýs skólaárs.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar .	Um áramót.	Umræður með starfsfólki.

4. Umbótaráætlun Dvergasteins.

Umbótaþættur	Markmið með umbótu	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
--------------	--------------------	---------------------	------------	---------------	-----------------------------	-------------------

tir	m					
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lubbi finnur málbein	Að leggja inn staf vikunnar	Vinna út frá	Haust 2018	Deildarstjóri		

5. Umbótaráætlun Skógarlundar

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu

						vel tókst að ná markmiði .
Marvissara útinám	Skipulagi í útinámi	Festa niður ákveðinn dag Fara í öllum veðrum Gera skipulag fram í tímann	Hefst haustið 2018	Allir starfsmenn Skógarlunda r	Skráning í útinámsbók. Ljósmyndir Skráning frá börnum Endurmat um áramót 2018-2019	Lubbi sýnilegur í leik og starfi.
Markvissari Lubbastundir	Skipulagðar stundir	Flétta Lubba meira inn í daglegt starf . Ákveða hvernig við viljum vinna með Lubba. Virkja all starfsmenn	Hefst haustið 2018	Allir starfsmenn Skógarlunda r	Stafakönnun barna að haust- byrjun árs-að vori. Ljósmyndir Endurmat um áramót 2018-2019	Lubbi er sýnilegur í starfi og leik

6.

Umbótaþættir	Markmið með umbótu m	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Betri skráning	Bæta skráningu á starfinu yfir árið	Taka fleiri myndir Stafaþekking Talnaþekking barna Píluaðferð Skráning í	Haust 2018	Allir starfsmenn Skógarlundar	Skráninga r í bókum Skráninga r á veggjum Myndir Tölvupóstar	Starfið sé sýnilegara fyrir starfsfólk, börn, for eldra og aðra sem koma inn í leikskólann

		dagbók			Heimasíða	
Deildarfundir	Fasta deildarfundir einu sinni í mánuði.	Festaniður ákveðinn dag í hverjum mánuði í samræmi við hinar deildirnar	Haust 2018	Allir starfsmenn Skógarlunda		
Þátttaka starfsfólks	Virkja starfsfólk til þess að taka meiri þátt í leik barnanna og vera til staðar	#Fylgjast betur með frjálsum leik	Haust 2018	Allir starfsmenn Skógarlunda		

Umbótaráætlun Huldusteins.

Umbótarþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safnagögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta

						hversu vel tókst að ná markmiði.
Skiptast á	Að börnin læri að skiptast á	Í gegnum leik, stig af stigi, pbs, spjalli, bækur	Sept 2018 Vor 2019	Allt starfsfólk Huldusteins	Á deildarfundum yfir veturinn og næst þegar pbs listi er lagður fyrir	Næst þegar PBS listi er lagður fyrir og svo í vor
Greina tjá tilfinningar	Að börnin læri að tjá og greina tilfinningar sínar svo þau eigi betur með að skilja aðra	Stig af stigi tilfinningaspjöld, bækur, PBS	Sept 2018 Vor 2019	Allt starfsfólk Huldusteins	Á deildarfundum yfir veturinn og næst þegar PBS listi er lagður fyrir	
Börnin beri virðingu fyrir öðrum	Að börnin hlusti á aðra, börn og fullorðna virðing	Að æfa þau í að hlusta hvert á annað	Sept 2018- Vor 2019	Allt starfsfólk Huldusteins		
Hrósa fyrir að tjá tilfinningar sínar og hafa stjórn á þeim neikvæðu	Að börnin læri að þekkja tilfinningar sínar og hafa stjórn á þeim.	Dugleg að hrósa og styrkja, nota tilfinningaspjöld, kenna þeim hvernig á að bregðast við ef þau verða reið.	Sept 2018- Vor 2019	Allt starfsfólk Huldusteins	Á deildarfundum yfir veturinn og næst þegar PBS listi er lagður fyrir	

- **Ytra mat**

Var gert mat á leikskólastarfinu á vegum SFS, menntamálaráðuneytis eða annarra aðila á síðasta ári?

Ef svo er, látið eftirfarandi koma fram:

- Hver gerði matið?
- Hver var tilgangurinn?
- Matsaðferð.
- Helstu niðurstöður.
- Gerið grein fyrir umbótum út frá niðurstöðum ytra mats síðasta starfsárs og færið inn í töfluna hér fyrir neðan. (sjá leiðbeiningar á bls 37 í *leiðbeiningar um innra mat í leikskóla*).
Hvað umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmuð við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



- **Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári**

Ábyrgðarmaður sérkennslu/sérkennslustjóri: Helga Sigurðardóttir í 70% starfi, Gerður Gylfadóttir í 15% starfi og Linda Björk Hafsteinsdóttir í 15% starfi.

Stuðningsaðilar: Gerður Gylfadóttir og Linda Björk Hafsteinsdóttir.

Leiðir í sérkennslu í vetur: Ýmsar leiðir hafa verið farnar í sérkennslu í vetur og hafa verið valdar með tilliti til þarfa barnanna sem hennar njóta. Atferlisþjálfun, fín- og grófhreyfiæfingar, ýmiskonar málörvunarverkefni (spil, iPad-leikir o.fl.), atferlismótandi aðferðir (s.s. umbunarkerfi) og kennsla í félags- og tilfinningafærni (skv. PBS) eru meðal helstu leiða sem farnar hafa verið.

Starfssvið ábyrgðarmanns sérkennslu: Starfshlutfall ábyrgðarmanns sérkennslu er 100% (sem í vetur skiptist milli 3 starfsmanna, 70%, 15% og 15%). Starfið felst aðallega í ráðgjöf við starfsmenn eða foreldra, fundasetu og ýmiskonar undirbúningi og skýrslugerð, auk þess að vinna með málörvun einstakra barna eða í litlum hópum.

Önnur verkefni ábyrgðarmanna sérkennslu í vetur voru verkefnastjórn PBS, seta í Lausnateymi PBS og einstaka afleysing á deild, auk smærri verkefna af ýmsu tagi.

Tölfræðilegar upplýsingar: Heildarfjöldi barna sem ábyrgðarmaður sérkennslu hefur haft afskipti af í vetur með einum eða öðrum hætti er 20 börn.

Fjármagni hefur verið úthlutað til sérkennslu fyrir 3 börn í vetur, sem nýtt hefur verið til þjálfunar og stuðnings fyrir þau börn.

Haustönn:		Vorönn:	
Flokkur	Nýting fjármagns	Flokkur	Nýting fjármagns
1. fl.	Stuðningur 10 tímar á viku (2,5 tímar/dag 4x í viku)	1. fl.	Stuðningur 10 tímar á viku (2,5 tímar/dag 4x í viku)
2. fl.	Stuðningur 10 tímar á viku (2 tímar/dag 5x í viku)	2. fl.	Stuðningur 24,4 tímar á viku (4,9 tímar/dag 5x í viku)
2. fl.	Stuðningur 10 tímar á viku (2 tímar/dag 5x í viku)	2. fl.	Stuðningur 10 tímar á viku (2 tímar/dag 5x í viku)

Ástæður fyrir úthlutun á fjármagni og sérkennslutímum eru misjafnar. Cerebral Palsy (CP), grunur um röskun á einhverfurófi og alvarlegt fæðuofnæmi eru þar helstar.

Ábyrgðarmenn sérkennslu hafa sinnt málörvun samtals 10 barna í vetur, ýmist einstaklingslega eða í litlum hópum, innan deildar sem utan. Öðrum styðjandi úrræðum hafa starfsmenn á deildum sinnt, s.s. almennri málörvun.

Um sex tilvísanir og viðtalsbeiðnir hafa verið sendar til Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, þar sem ýmist hefur verið óskað eftir þjónustu sálfræðings eða talmeinafræðings. Þrjár beiðir um fjármagn til sérstuðnings hafa verið sendar, ein frumbeiðni sem var hafnað, ein þar sem óskað var eftir auknu fjármagni úr 2. flokki og ein beiðni um endurmat á sérkennslutímum úr 1. flokki.

Foreldrar tveggja barna hafa sjálfir leitað aðstoðar talmeinafræðings, í öðru tilvikinu vegna útkomu úr EFI-2 skimun.

Samstarf við ráðgjafa Þjónustumiðstöðvar: Sigrún Kristjánsdóttir, ráðgjafi á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis hefur komið reglulega í vetur með ráðgjöf vegna eins barns. Sandra G. Zarif, hegðunarráðgjafi, hefur komið vegna fjögurra barna, bæði í áhorf og með ráðgjöf í kjölfarið. Ásrún Guðmundsdóttir hefur komið vegna eins barns.

Ráðgjöf og stuðningur þessara aðila hefur nýst mjög vel í starfi með þessi börn og gert það markvissara.

Samstarf við aðra sérfræðinga: Samstarf við aðra sérfræðinga hefur að sama skapi gengið vel og komið að góðu gagni. Þar ber helst að nefna að talmeinafræðingur kom vegna eins barns í kjölfar EFI-2 skimunar og Hafdís Lilja Gunnarsdóttir, ráðgjafi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins kom til að leggja mat á þörf fyrir fræðslu og ráðgjöf vegna eins barns sem bíður greiningar.

Einstaklingsnámskrár: Einstaklingsnámskrár barna í sérkennslu eru unnar af deildarstjóra, stuðningsaðila eða ábyrgðarmanni sérkennslu, eða í samvinnu þessara aðila. Foreldrar leggja til áhersluatriði, gera athugasemdir við námskrárrög og veita að lokum samþykki fyrir námskránni.

Ýmislegt er haft til hliðsjónar við gerð einstaklingsnámskráa, eftir því sem við á hverju sinni. Niðurstöður ýmissa lista, s.s. AEPS, Orðaskil, VB-MAPP, skýrslur frá talmeinafræðingi, sálfræðingi, sérfræðingum á þroska- og hegðunarstöð heilsugæslunnar eða Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, athuganir leikskólakennara og athugasemdir foreldra, eru meðal þess sem notað er við einstaklingsnámskrárgerð.

Misjafnt er hvernig einstaklingsnámskrár eru kynntar og fyrir hverjum, og fer eftir eðli hvers máls. Oftast eru þær afhentar ráðgjafa þjónustumiðstöðvar og foreldrum á fundi í leikskólanum, þar sem farið er yfir þær.

Hlutverk einstaklingsnámskráa er að vera vinnutæki fyrir það starfsfólk sem sinnir viðkomandi barni. Í flestum tilvikum er unnið vel eftir einstaklingsnámskránum, en mikilvægt er að halda þeim virkum með reglulegri endurskoðun.

Huga þarf betur að þátttöku foreldra í námskrárgerðinni, þannig að hún verði markvissari en áður, og kynningu námskránna fyrir starfsmönnum á deildum barnanna sem í hlut eiga.

Úrbætur vegna endurmats síðasta árs: Á haustdögum gafst gott tækifæri í Álandinu til að flokka og skipuleggja sérkennslugögn, og gera þau aðgengileg. Því verki er þó ekki lokið og verður haldið áfram eftir því sem færi gefst. Einnig á eftir að yfirfara sérkennslugögn í Efstalandi og koma þeim fyrir með skipulegum hætti, en vonir standa til að það verði hægt að gera í sumar.

Hugmynda að málörvunarverkefnum hefur verið leitað og m.a. keyptar bækurnar Spjallað og leikið – SOL og Litla SOL, sem innihalda hugmyndir að fjölda málörvandi leikja. Einnig hefur komið fram hugmynd um að fá fræðslu og ráðgjöf frá Miðju máls og læsis (MML) til að auka gæði málörvunar í skólanum og væri gott að gera það strax á haustdögum.

Síðastliðinn vetur stóð til að skoða með hvaða hætti einstaklingsnámskrárgerð fer fram. Huga að þátttöku foreldra og hvernig einstaklingsnámskrár eru kynntar foreldrum, ráðgjöfum og öðru starfsfólki. Hugmynd var að nýta AEPS matskerfið þar sem það á við eða byggja á hugmyndum þess um þátttöku foreldra. Ekki hefur reynt mikið á þennan þátt í vetur, en foreldrar hafa verið spurðir um hvað þeir vilja leggja áherslu á í þjálfun barna sinna og dæmi er um að foreldrar hafi fyllt út fjölskyldulista AEPS. Horft hefur verið til þessara áhersluatriða við námskrárgerð barnanna.

Varðandi kynningu á einstaklingsnámskrám væri gott að kynna þær fyrir starfsfólki þeirrar deildar sem barn dvelur á, t.d. á deildarfundi eða með því að starfsfólk lesi námskrána og kvitti fyrir að lestri loknum, þannig að hægt sé að ganga úr skugga um að allir hafi kynnt sér hana. Þetta gekk ekki eftir sl. vetur og mikilvægt að skoða hvaða leiðir eru raunhæfar og henta til úrbóta.

Til að tryggja upplýsingaflæði varðandi þau börn sem njóta sérstuðnings eða ákveðinna sérúrræða, til starfsmanna á deildum barnanna stóð til að ábyrgðarmaður sérkennslu kæmi reglulega inn á deildarfundi á deildum þeirra barna. Deildarstjórar þurfa að gera ráð fyrir viðveru ábyrgðarmanns sérkennslu á þessum fundum og boða hann á fundina. Ekki var óskað eftir viðveru ábyrgðarmanns

sérkennslu á deildarfundum í vetur, en ábyrgðarmaður kom inn á einn deildarfund í samráði við deildarstjóra viðkomandi deildar, og miðlaði upplýsingum vegna eins barns.

Það sama á við um deildarfundum í október, sem rætt var um að ábyrgðarmaður sæti í tengslum við undirbúning fyrir foreldravíðtöl. Ekki var óskað eftir viðveru ábyrgðarmanns sérkennslu á deildarfundum á haustönn, en deildarstjórar og aðrir starfsmenn hafa leitað til ábyrgðarmanns eftir þörfum. Líklega er ekki þörf á að þetta sé með svo formlegum hætti heldur eðlilegra að deildarstjórar leiti til ábyrgðarmanns eftir þörfum.

Í endurmati síðasta starfsárs kom fram að skerpa þurfi á fundum þeirra sem sinna stuðningi og ábyrgðarmanns sérkennslu, til að fara yfir mál þeirra barna sem njóta stuðningsins. Fundina þurfi að hafa reglulegar, festa tímasetningar þeirra með ákveðnu millibili (eftir eðli hvers máls) og hafa þá markvissari. Á fyrsta deildarstjórafundi vetrarins kom fram tillaga um að þessir aðilar fundi þegar deildarfundir fara fram á skipulagsdegi. Það var gert einu sinni á haustönn (átti ekki við í önnur skipti vegna eðlis skipulagsdaga) og gaf góða raun, en þyrfti að vera oftar. Eins væri gott að ábyrgðarmaður fundi örar með sérkennara í hvoru húsi og er vísir kominn að föstum tíma fyrir slíkt í Álandi. Skoða þarf hentuga tímasetningu fyrir Efstaland og festa þessa fundi í sessi. Fundirnir þurfa ekki að vera langir, en gott að fara yfir stöðu mála og hvort eitthvað þurfi að gera, breyta eða bæta í vinnslu mála.

Vel gekk að taka eyðublað vegna beiðni um aðkomu ábyrgðarmanns sérkennslu í notkun og fylla út fyrir hvert barn sem ábyrgðarmaður sérkennslu hefur aðkomu að óháð því hversu mikil hún er, en það datt svo niður seinni hluta vetrar. Mikilvægt er að halda áfram að nota það, það auðveldar utanhald verkefna fyrir hvert barn, gefur betri yfirsýn og auðveldar samantekt fyrir endurmat.

Verkferill sem hefur verið útbúinn varðandi það hvenær og eftir hvaða leiðum leitað er eftir utan að komandi aðstoð vegna barna var kynntur á skipulagsdegi í október og þar með virkjaður formlega. Ekki hefur þó reynt á notkun hans að ráði í vetur, en mikilvægt að kynna hann aftur í upphafi næsta starfsárs, s.s. á skipulagsdegi í ágúst.

Til endurskoðunar og leiðir til úrbóta: Áfram þarf að vinna að því að því að koma sérkennslugögnum fyrir og útbúa það sem vantar, sérstaklega í Efstalandi.

Huga þarf áfram að því með hvaða hætti einstaklingsnámskrár eru gerðar og hvernig þátttöku foreldra í þeirri vinnu er háttað.

Skerpa þarf enn betur á því að ábyrgðarmaður sérkennslu sitji deildarfundum á deildum barna sem njóta stuðnings, þar sem farið er yfir stöðu mála.

Mikilvægt er að festa reglulega fundi ábyrgðarmanns sérkennslu og sérkennara í hvoru húsi.

Eyðublað með beiðni um aðkomu ábyrgðarmanns sérkennslu þarf að nota betur, jafnt og þétt til að fylgjast með þeirri þjónustu sem börn fá.

Markmiðið er að bæta enn frekar úr þessum þáttum á vorönn.

PBS (Positive Behavior Support): Eins og áður hefur komið fram, hefur ábyrgðarmaður sérkennslu haldið utan um innleiðingu og framkvæmd PBS (Positive Behavior Support) í skólanum.

Á síðastliðnu starfsári var óskað eftir upplýsingum um til hvers fyrirlögn PBS-matslista og gólfhandleiðslulista er og kynningu á PBS fyrir nýja starfsmenn, auk þess sem borið hefur á þörf fyrir almenna upprifjun á vinnu með PBS. Til að mæta þessu var farið yfir niðurstöður úr matslistunum og gerð grein fyrir nytsemi þeirra upplýsinga, á skipulagsdegi 6. október. Til að ýta undir að PBS hugsun sé stöðugt virk og það notað í daglegu starfi var á sama skipulagsdegi stutt kynning/upprifjun á 1. og 2. hluta, áður en 3. hluti PBS (einstaklingsmiðuð úrræði) var kynntur ítarlega og innleiðing á honum hafin. Að auki voru útbúnar skriflegar upplýsingar sem hægt er að lesa eftir þörfum, og þær settar inn á starfsmannasvæði í tölvum. Í sama tilgangi stóð til að virkja deildarstjóra með umræðu á deildarstjórafundum, en sú umræða fór ekki fram. Huga þarf áfram að því að virkja PBS í daglegu starfi, með því að halda áfram að kynna vinnubrögðin fyrir starfsfólki, nýju sem vönu, minna á þau og halda verkefninu vakandi.

Upprifjun á 1. hluta fór af stað í byrjun október og á sama tíma tók Lausnateymið formlega til starfa. Tímar fyrir reglulega fundi Lausnateymisins voru festir í hádeginu fyrsta mánudag í hverjum mánuði yfir vetrartímann og var fyrsti fundurinn þann 9. október. Fundir haustannar voru tveir og gengu þeir vel. Tveir fundir af fjórum féllu niður á vorönn vegna veikinda og manneklu. Það er ljóst að fundartími í tæpa klukkustund er þó nokkuð knappur, sérstaklega á meðan teymismeðlimir eru að átta sig á vinnubrögðunum, en erfitt reynist að finna tímasetningu sem býður upp á lengri fund. Nýtt skipulag á teymisvinnu var sett upp á vordögum til að hraða vinnslu mála en ekki hefur reynt á þau vinnubrögð í vetur. Teymið hefur fengist við eitt mál til æfingar, en nýjar beiðnir hafa ekki borist. Nauðsynlegt er að kynna þetta úrræði aftur fyrir starfsmönnum skólans í haust, til að það nýtist sem skyldi.

Gólfhandleiðslulisti var lagður fyrir á skipulagsdegi 24. nóvember. Listanum var útdeilt á deildir nokkrum dögum fyrr, eða þann 20. nóvember, og höfðu starfsmenn deilda því möguleika til að byrja fyrr á svörun listans. Með þessu móti er einnig verið að nálgast það fyrirkomulag sem ætlast var til við gerð listans, og gafst þessi leið vel. Sami háttur var hafður á á vorönn, listinn afhentur 22. febrúar og honum skilað 15. mars.

Niðurstöður gólfhandleiðslulistans eru helst þær að reglur eru rifjaðar upp á öllum deildum, almennt er minnt á þær í upphafi stunda og þeim fylgt nokkuð eftir. Notkun á hrósi fyrir viðeigandi hegðun

virðist einnig nokkuð almenn. Á einni deild er tekið fram að mikið sé unnið með vinafærni og lausnaleyti í samskiptum. Á einni deild sést samfella milli anna, þ.e. á vorönn er búið að bæta það sem ákveðið var á haustönn að bæta. Á tveimur deildum eru niðurstöður haust- og vorannar nokkurn veginn á sama veg, bæði hvað varðar styrkleika og tækifæri til umbóta, þ.e. engin bót hefur átt sér stað. Á öðrum deildum sést ekki samfella milli anna. Niðurstöður haustannar vantar frá einni deild og niðurstöður vorannar frá annarri. Dæmi um það sem á að bæta á næstu vikum og mánuðum er að minna á reglur í upphafi stunda, bæta notkun agaferils, og bæta vinnu með 2. hluta PBS, einkum tilfinningafærni og reiðistjórnun. Það vekur aðeins athygli að það virðist skorta samfellu í vinnu með úrbætur, þ.e. ekki kemur fram hvernig hefur gengið að vinna með það sem ákveðið var að bæta við síðustu fyrirögn.

Spurning er hvort og þá hvernig eigi að beina starfsmönnum inn á þá braut.

Í ljósi niðurstaðna mats fyrir síðastliðið starfsár var ákveðið að í PBS átaksviku í byrjun október yrði áhersla lögð á að starfsmenn kynntu sér agaferilinn enn betur, í von um að notkun hans aukist, eða að starfsmenn geri sér betur grein fyrir því hvort þeir fylgi honum í starfi með börnunum eður ei.

Í þeim tilgangi að virkja PBS hugsun í daglegu starfi var verkefni PBS átaksviku vorannar að lesa Upplýsingar um PBS í daglegu starfi og kynna sér kennsluáætlanir 2. hluta í PBS möppum á deildum. Starfsmenn voru beðnir að kvitta fyrir lesturinn að honum loknum. Erfitt reyndist að fá fólk til að kvitta fyrir lesturinn í starfsstöð í Efstalandi, en flestir luku verkefninu í Álandi.

Matslisti PBS var lagður fyrir á skipulagsdegi þann 22. maí 2018. Að þessu sinni var þeim hluta listans sem á við 1. hluta PBS (*Tengsl og Skipulag umhverfis*), sleppt og einungis lögð áhersla á mat á *Þjálfun tilfinninga- og félagsfærni*, eða 2. hluta PBS. Við fyrirögn kom fram að breyta þarf orðalagi í svörun listans: *Alltaf, Stundum, Sjaldan*, eða skilgreina betur hvað þessi hugtök þýða, s.s. Alltaf = í 95% tilvika. Niðurstöður listans benda til að enn þurfi að bæta vinnu með 2. hluta, en staðan er þó mjög ólík milli deilda. Mikilvægt er að hvetja starfsmenn deildanna til að nýta þessar niðurstöður til umbóta og sýna fram á framför við næstu fyrirögn listans að ári. Nauðsynlegt er að fara yfir niðurstöður frá einni deild með starfsmönnum hennar, en þær niðurstöður benda til verulegs vanmats. Skoða þarf hvað liggur þar að baki. Niðurstöður vantar frá einni deild.

Líklegt má telja að stíga þurfi eitt skref til baka varðandi PBS og leggja áherslu á að ná t.d. góðum tókum á 1. hluta á öllum deildum og í skólanum öllum. Bæta þá við að ná góðum tókum á vinnu með hvern undirþátt 2. hluta hægt og bítandi og hvetja starfsfólk til að nota PBS þannig að það verði virkur þáttur í starfi leikskólans. Síðast en ekki síst þarf eins og áður segir að kynna 3. hluta PBS og Lausnateymi skólans aftur fyrir starfsmönnum til að það úrræði verði virkt í starfi skólans.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Framboð, skipulag og aðgengi að sérkennslugögnum	Að nægt framboð sé af sérkennslugögnum og þeim komið fyrir með skipulegum og aðgengilegum hætti	Flokka og skipuleggja sérkennslugögn, búa til ný og gera hugmyndir að málörvunarverkefnum	1. sept. – 31. maí	Sérkennslustjóri	Staðan skoðuð og hve mikið hefur áunnist við endurmat að vori	Sérkennslugögn eru aðgengileg og nægt framboð af þeim
Þátttaka foreldra í gerð einstaklingsnámskráa	Foreldrar séu virkir þátttakendur í gerð einstaklingsnámskráa fyrir börn sín	Finna þarf raunhæfar leiðir sem virka, s.s. að nota AEPS lista eða önnur slík form	1. sept. – 30. apríl	Sérkennslustjóri	Staðan skoðuð við endurmat á haustönn og að vori	Foreldrar eru virkir þátttakendur í gerð einstaklingsnámskráa fyrir börn sín
Upplýsingaflæði varðandi börn sem	Upplýsingum varðandi börn sem njóta sérúrræða er miðlað til	Deildarstjóri boðar sérkennslustjóra á deildarfundi viðkomandi	1. sept. – 30. apríl	Deildarstjóri og sérkennslustjóri	Skráningar á boðunum á fundi teknar saman við endurmat að vori	Deildarstjórar boða sérkennslustjóra á deildarfundi á deildum viðkomandi

njóta sérúrræða	starfsmann a á viðkomandi deild	deildar og upplýsingum er miðlað á þeim fundum				barna. Sérkennslustjóri situr fundina og miðlar upplýsingum til starfsfólks deildanna
Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna sem sinna stuðningi varðandi mál einstakra barna	Fundir sérkennslustjóra og starfsmanna sem sinna stuðningi séu haldnir með reglulegu millibili eftir því sem hæfir hverju tilviki fyrir sig	Festa fundi með reglulegu millibili í samráði við starfsmenn sem sinna stuðningi	1. sept. – 30. apríl	Sérkennslustjóri	Fara yfir stöðuna við endurmat að vori	Reglulegir fundir sérkennslustjóra og starfsmanna sem sinna stuðningi eru haldnir þar sem farið er yfir og unnið í málum viðkomandi barna
Yfirlit og utanumhald yfir þau börn sem sérkennslustjóri hefur afskipti af og aðgerðir vegna þeirra	Skráning <u>allra</u> barna sem sérkennslustjóri hefur afskipti af með einum eða öðrum hætti	Fylla út beiðni um aðkomu sérkennslustjóra fyrir öll börn sem einhver afskipti eru af	1. sept. – 31. maí	Sérkennslustjóri	Fara yfir stöðuna hvort þetta hafi verið gert við endurmat að vori	Beiðni um aðkomu sérkennslustjóra með yfirliti yfir aðgerðir er fyllt út fyrir <u>hvert barn</u> sem afskipti eru af og upplýsingar skráðar á það jafnt og þétt eftir því sem við á
Málörvun einstakra barna og barnahópa	Góð þekking sé til staðar og hugmyndir að leiðum	Fá fræðslu frá Miðju máls og læsis varðandi málörvun barna og	1. sept. – 15. des.	Sérkennslustjóri og leikskólastjórar	Fara yfir stöðuna við endurmat að vori, hvort þetta hafi	Málörvun barna er í góðum farvegi í skólanum.

	varðandi málörvun einstakra barna og barnahópa	aðstoð þeirra við að koma málörvun í góðan farveg innan skólans, s.s. í kjölfar EFI-2 skimunar og Hljóm-2			verið framkvæmt og hverju það hafi skilað	Góð þekking er til staðar og hugmyndir að leiðum sem eru vel nýttar í þágu allra barna. Málörvun er vel sinnt, bæði almennt á deildum og í sérkennslu-aðstæðum þar sem það á við
Virgni PBS í daglegu starfi	Að PBS hugsun sé stöðugt virk og það notað í daglegu starfi	Skoða þarf leiðir til að stíga til baka og skerpa á notkun PBS í starfinu, fara yfir náms- og önnur fylgigögn og gæta þess að þau séu til staðar	1. sept. – 15. maí	Leikskólas tjórar, ásamt fleira starfsfólki	Gólfhandleið slulistar 1x á hvorri önn og matslisti að vori	PBS hugsun er virk og PBS er notað í daglegu starfi eins og til er ætlast, sjá nánar upplýsinga-hefti um PBS
Þekking á tilvist, tilgangi og virgni Lausnateymis PBS	Að allir starfsmenn þekki tilvist og tilgang Lausnateymisins, virgni þess og hvernig á að vísa málum til þess	Kynning á skipulagsdegi	Á skipulags-degi í ágúst	Leikskólas tjórar og meðlimir Lausnateymis	Við endurmat að hausti og að vori	Allir starfsmenn þekkja tilvist, tilgang og virgni Lausnateymisins og hvernig á að vísa málum til þess
Fastir fundir og vinnubrögð	Að auka samstarf einstakra teymismeðli	Fylgja nýrri vinnuáætlun teymisins	1. sept. – 31. maí	Meðlimir Lausnateymis og leikskólast	Við endurmat að hausti og vori	Fastir fundir Lausnateymis eru mánaðarlega

Lausnateymi isins	ma til að flýta fyrir vinnslu mála			jórar		frá september til maí, þess á milli hittast einstaka teymismeðli mir oftast til að vinna að ákveðnum málum barna, sjá nánar vinnuáætlun hjá teymismeðli mum
Samfella í mati á PBS og umbótum á deildum	Að tengsl séu milli þess sem kemur út úr mati á PBS og umbóta á deildum	Nýta þarf matslista og umbótaáætla nir sem gerðar eru sem vinnugögn	1. sept. – 15. maí	Deildarstj órar og aðrir starfsmen n	Gólfhandleið slulisti og matslisti PBS	Tengsl eru milli þess sem kemur út úr mati og þeirra umbóta sem unnið er að
Matslisti PBS	Að bæta orðalag í matskvarða, athuga hvað átt er við með einstökum matsatriðu m og hvort þau eiga við	Fara yfir matslistann og skoða hvað má betur fara	1. júní – 31. ágúst	Helga Sig.	Fyrirlögn Matslista í maí	Orðalag og matsatriði í Matslista PBS eru skýr, starfsfólk skilur listann við fyrirlögn og er ekki í vafa um hvað átt er við

- Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.**

Í Furuskógi leggjum við áherslu á góð samskipti við börn og foreldra í upphafi leikskólagöngu og er það forsenda þess að barni líði vel og finni sig öruggt. Í þátttökuaðlögun gefst foreldum tækifæri á að kynnst starfi leikskólans og starfsfólkinu, og starfsfólkinu tækifæri á að kynnst foreldrunum.

Við leggjum okkur fram við að eiga frumkvæði að samskiptum og finnum fjölbreyttar leiðir sem mæta börnum og fjölskyldum þeirra og berum virðingu fyrir fjölbreytileika hópsins.

Við leggjum áherslu að styrkja íslenskukunnáttu barnsins, sem er með annað móðurmál en íslensku, í gegnum daglegar athafnir, í skipulögðum málörvunarstundum, og að hvert barn fái sérstaka athygli frá starfsmanni á hverjum degi. Þá vinnum við með tungumálið í gegnum styrkleika barnsins.

Við styðjum og styrkjum foreldra til þess að nota og viðhalda móðurmáli barnsins og berum virðingu fyrir menningarlegum uppruna þess. Við hvetjum foreldra einnig til að nýta sér þjónustu móðurmálsskóla og Borgarbókasafnsins.

Við fylgjumst með framförum barnsins og styðjumst þar við heftið Einn leikskóli-mörg tungumál leiðarvísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli.

Í foreldraviðtölum sem fara fram tvisvar á ári er farið yfir stöðu barnsins. Í þessum viðtölum er boðið upp á túlkaþjónustu og einnig nýtum við þann mannauð sem er til staðar í leikskólanum til að auðvelda okkur samskiptin.

• Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru á vorönn og á haustönn. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku viðtölin. Áhersla þeirra er að bjóða upp á samtal um það hvernig starfsmanninum líður í starfi og hvaða leiðir hann sér í starfsþróun sinni.

Símenntun starfsmanna

Skipulagsdagur 21. ágúst 2017

- Fyrirlestur frá Miðju máls og læsis, bernskulæsi, umræða um málþættina
- kynning á PBS fyrsta, öðrum og þriðja hluta, fyrirlesari Helga Sigurðardóttir yfirmaður sérkennslu
 - allir starfsmenn

Skipulagsdagur 6. október 2017

- kynning á PBS fyrsta, öðrum og þriðja hluta, fyrirlesari Helga Sigurðardóttir yfirmaður sérkennslu
- heimsókn á leikskólanum Jötunheima á Selfoss

- allir starfsmenn

Hreyfing og nám leikskólabarna. Ráðstefna á vegum LAL 20. október 2017

- Málstofur: - Byrgjum brunninn áður en kennarinn brennur yfir!
- Leikur að læra - nám í gegnum leik og hreyfingu
- Hreyfing barna í litlu rými og samverukrók
- Hreyfing og áhrif á heilastarfsemi barna
- Renata

Heilsueflandi leikskóli 22. nóvember

Fræðsla á vegnum Landlæknisembættin fyrir leikskóla sem taka þátt í verkefninu.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Skipulagsdagur 24. nóvember 2017

- Fyrirlestur um jafnréttismál o.fl., Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastjóri í jafnréttismálum
- allir starfsmenn

Skipulagsdagur 22. janúar 2018

- talað um jafnrétti í leikskólastarfi, Ingólfur deildarstjóri í Furuskógi.
- Öryggismál leikskólans, leikskólastjórn
- Heilsueflandi leikskóli

Allir starfsmenn

Fyrirlestur Gerðurberg 1. febrúar 2018

Streita og álag fyrir stjórnendur

Ingibjörg Jónsdóttir, prófessor við Gautaborgarháskóla.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Starfspróun kennara – forysta og ánægja í skólastarfi 22. febrúar 2018

- Stöðugt nám alla starfsævina (e. Learning throughout a professional career), fyrirlesari yfirmaður NAFOL Kari Smith. Pallborði

Þemu í pallborði:

- 1) Hlutverk samstarfsráðs í starfspróun – væntingar kennara og skólastjórnaenda?
- 2) Hvert á hlutverk háskóla að vera í starfspróun?
- 3) Drifkraftur og hindranir – aðstæður kennara og skólastjórnaenda til starfspróunar og hvaða stuðning vilja þeir?

Ráðstefna Silfurbergi Hörpu 5. febrúar

Pasi Sahlberg og Andy Hargreaves um menntamál

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Vinnusmiðju (workshop) í Silfurbergi, Hörpu 6. febrúar .

Andy Hargreaves og Pasi Sahlberg leiða vinnuna. Viðfangsefni smiðjunnar Stjórnun menntastofnana á 21. öldinni – innleiðing menntastefnu.

Aðstoðarleikskólastjóri.

Námstefna um Vináttuverkefni Barnaheilla – forvarnir gegn einelti: rannsóknir og árangur 13. mars 2018

- New perspectives on bullying as a social phenomenon, fyrirlesari Dorte Marie Søndergaard Professor in social psychology at the School of Education, Aarhus University in Denmark.
- Free of Bullying in Denmark. How it began, the essence of Free of Bullying and the results after 10 years of work with the program , fyrirlesari Christina Stær Mygind og Lene Lykkegaard
- Ævintýrið um Vináttu, fyrirlesari Margrét Júlía Rafnsdóttir
- Innleiðing Vináttuverkefnisins á Íslandi: Niðurstöður úr prufurannsókn, fyrirlesari Katrín Johnson, verkefnastjóri hjá Menntavísindastofnun
- Renata

Mastersnám í leikskólakennarafræðum, fjarnám tvo síðastliðna vetur: Starfsmaður Valdís Ingimarsdóttir, vinnur nú að mastersritgerð sinni. Sabine deildarstjóri og Helga Hrund deildarstjóri eru í meistarnámi í menntunarfræði leikskóla.

Nám til B.ed prófs í leikskólakennarafræðum, fjarnám í vetur. Starfsmaður: Sigrún Unnur Einarsdóttir.

Austurbæjarslaufan 16. mars Geðrækt fyrirlestur Sigrún Björg leikskólastjóri og Ingibjörg aðstoðarleikskólastjóri.

Náms-og kynnisferð til Berlínar 18.-22. apríl 2018

Í apríl fór hópur leikskólakennara í kynnisferð til Þýskalands. Skoðaði tvo leikskóla í Berlín og fór á námskeið. Þá fór hópur starfsmanna til Akureyrar í kynnisferð. Heimsóttir voru leikskólarnir Tröllaborgir og Krógaból.

- Leikur að læra námskeið Berlín
- Erla Rúna leikskólakennari , Margrét Björg leikskólakennari , Berglind deildarstjóri , Gerður sérkennari , Helga María leikskólakennari , Svala leikskólakennari , Ingibjörg leikskólakennari Sigrún Björg leikskólastjóri, Ingibjörg aðstoðarleikskólastjóri.

Skipulagsdagur 22. maí 2018

- Fyrirlestur um gildi svefns, Erna Sif Arnadóttir líffræðingur og sérfræðingur um svefn
- allir starfsmenn

• 7 Foreldrasamvinna

- Í leikskólanum Furuskógi er starfandi foreldraráð. Hlutverk þess er samkvæmt lögum um leikskóla frá 2008 er að vera eftirlitsaðili um t.d. skólanámskrá og starfsáætlun. Allar meiri háttar breytingar á starfsemi leikskólans þarf að leggja undir stjórn foreldraráðsins. Stjórn foreldraráðsins ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra fundar a.m.k. einu sinni á skólaári og oftast ef þörf þykir.
- Foreldrafundir eru haldnir að hausti, einn fundur á hverri deild, deildarstjórn kynna starfið á deildinni á komandi starfsári, leikskólastjórarn segja frá því sem efst er á baugi í skólastarfinu og fulltrúar í stjórn foreldrafélagsins segja frá starfi þess og sjá um innskráningar í foreldrafélagið og kosningu fulltrúa í stjórn ef þörf er á.
- Foreldraviðtöl eru tvö á ári. Á haustin eru foreldrum boðið að koma og taka þátt í gerð einstaklingsnámskrár fyrir barn sitt með starfsfólki deildarinnar. Á vorin er einstaklingsnámskráin endurskoðuð og farið yfir stöðu mála.
- Í tengslum við Dag leikskólans 6. feb. verður foreldrum sérstaklega boðið að koma í heimsókn í leikskólann og taka þátt í starfinu.
- Á vorin er farið í sameiginlega vorferð börn-foreldrar-starfsfólk.
- Einu sinni á skólaári er boðið upp á sameiginlegan fyrirlestur fyrir foreldra og starfsfólk og er reynt að velja efni á fyrirlesturinn sem tengist leikskólastarfinu.
- Í skólanum er starfandi virkt foreldrafélag, sem kys sér sex manna stjórn eitt foreldri frá hverri deild, stjórnin fundar fjórum sinnum á ári eða eins oft og þurfa þykir. Foreldrafélagið kemur að ýmsu í starfi skólans, má þar nefna fræðslu fyrir foreldra, leikrit fyrir börnin, undirbúning jóla, námskeið fyrir börn og starfsfólk, vorferð og vorhátíð. Þetta samstarf hefur ætíð verið gott og gefandi fyrir skólasamfélagið.

Samstarf leik- og grunnskóla

Markmið:

Verkefni elstu barnanna í leikskólanum miða að tengingu við grunnskóla og frístund með því að mæta þörfum og þroska barna sem eru á mörkum tveggja skólastiga. Lögð er áhersla á læsi í viðum skilningi og lestur, unnið með markvissa málörvun og stærðfræði, ritmál er haft sýnilegt og farið í ýmsa leiki með ritmál og tölur og börnin eru hvött til skapandi hugsunar.

Mikið er lagt upp úr lífsleikni, að börnin geti hjálpað sér sjálf og hafi gott vald á samskiptum við aðra. Þau kynnst grenndarsamfélaginu t.d. í gegnum útinámið .

- Skólahlaup, 1. júní. Þá koma nemendur úr 6. bekk í Fossvogsskóla og aðstoða okkar börn í hlaupinu.
- 17. ágúst, kennarar, Fossvogsskóla og Furuskógur sameinast í Lubbastund í Kvistaborg.
- september – apríl: leikfimi fyrir elsta árganginn í sal Fossvogsskóla.
- 9. október kl. 09:45: Heimsókn í Fossvogsskóla, skólinn skoðaður og heilsað upp á skólastjóra Fossvogsskóla.
- 25. október: Heimsókn í Kvistaborg. Þá kemur hluti af 1. bekk frá Fossvogsskóla í heimsókn í Kvistaborg.
- 1. nóvember kl. 17:15, sameiginlegur fyrirlestur fyrir foreldra og starfsmenn Kvistaborgar, Furuskógar og Fossvogsskóla, haldinn í íþróttasal Fossvogsskóla.
- 7. nóvember kl. 09:45: Bókasafnsheimsókn í Fossvogsskóla.
- 9. nóvember kl. 10:00, dagur eineltis sameiginleg samvera elstu barnanna í leikskóla og nemenda Fossvogsskóla.
- desember: Elstu börnum okkar er boðið á Útjólabball, dagsetning ákveðin síðar.
- 21. febrúar: Heimsókn 12 ára nemenda úr 7. bekk, í Kvistaborg. Þau æfa sig í að lesa upphátt fyrir börnin okkar fyrir stóru upplestrarkeppnina.
- mars: stjórnendur í skólum hverfisins fara yfir skóladagatöl og sameina skipulagsdaga.
- 12. mars: Kennslustund í 1. bekk með nesti.
- apríl: frístundaheimilið Neðstaland skoðað.
- 13. maí kl. 10:00: Kennarafundur í Kvistaborg, endurmat á vetrarstarfinu og áætlun rædd fyrir næsta vetur.
- Upplýsingafundur í maí/skil á börnum sem fara í grunnskóla.
- Skriflegar umsagnir um stöðu hvers barns eru gerðar í leikskólanum, ásamt niðurstöðum úr Hljóm-2. Í umsögnunum er haft að leiðarljósi viðmið úr aðalnámskrá leikskóla um sjálfstæði, áhugasvið, þátttöku í leik, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkraft og tjáningu og samskipti, sbr. kenningar John Dewey. Fundað er með kennurum beggja skólastiga í apríl og farið yfir umsagnirnar.
- Hafi barn notið sérkennslu í leikskólanum eru fulltrúar grunnskóla og frístundar boðaðir á skilafund að vori ásamt foreldrum barns, auk ráðgjafa frá þjónustumiðstöð, yfirmanni sérkennslu og annarra eftir því sem við á. Á slíkum fundi eru afhent skrifleg umsögn um stöðu barnsins og upplýsingum miðlað milli aðila í þeim tilgangi að ná sem mestri samfellu í námi barnsins.
- Á samstarfsfundi í maí var ákveðið að gera samstarfið markvissara, skiptast á heimsóknum kennara á skólastigum þannig að kennararnir verði upplýstari hvernig starfið er á hverju skólastigi. Þá var líka ákveðið að nemendur og kennarar í þessu samstarfi ætla að hittast á degi eineltis í Fossvogsdalnum og eiga samverustund.

- **Skipulagsdagar 2018-2019**

31. ágúst

5. október

23. nóvember

21. janúar

19. mars

17. maí

Fylgigögn

- Matsgögn
- Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

F. h. leikskólans Furuskógar

<u>Ingibjörg Brynjarsdóttir</u>	<u>28.09.2018</u>
Leikskólastjóri	Dagsetning

Matsgögn.

- Mats
- Aðalnámskrá – Skólanámskrá Furuskógar – ýmsar stefnur skólans.
- HLJÓM-2 Öll 5 ára börn, að hausti og að vori ef þörf er á.
- Stafa- og talnaþekking barna, á síðasta ári í leikskóla, er könnuð að hausti og aftur á vori.
- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna.

- Samræður við börnin, foreldraviðtöl, og einstaklingsáætlun hvers barns.
- Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs.
- PBS gátlisti.
- Ljósmyndir.
- Myndbandsupptaka.
- Könnunaraðferðin.
- Píluaðferðin, aðferð til að meta félagsfærni og samskipti.
- Leiðbeiningar um innra mat leikskóla útgefið af Mennta- og Menningarmálaráðuneytinu útg. 2016 Greinargóðar og aðgengilegar leiðbeiningar til að meta innra starfið og spennandi að innleiða notkun þess í starfið í Furuskógi á næsta starfsári.
- Orðaforðalisti, hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu útg. 2017 af Menntamálastofnun. Góður listi til að auka þekkingu barna á íslensku og til að hafa sem viðmið í að endurmeta starfið.

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M		1 L		1 M		1 F		1 L	Fullveldisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur	1 F	Dagur stærðfræðinnar	1 F		1 M		1 M	Barnamenningarhátíð/Verkal	1 L		1 M	Skil á starfsáætlun
2 F		2 S		2 Þ	Foreldrafundur Birkilundur	2 F		2 S		2 M		2 L		2 L		2 Þ		2 F	Barnamenningarhátíð	2 S	Sjómannadagurinn	2 Þ	
3 F		3 M		3 M	Foreldrafundur Grenilundur	3 L		3 M		3 F		3 S		3 S		3 M		3 F	Barnamenningarhátíð	3 M		3 M	
4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 Þ	piparkökubakstur	4 F		4 M		4 M	Bolludagur	4 F		4 L	Barnamenningarhátíð	4 Þ		4 F	
5 S		5 M		5 F	Skipulagsdagur	5 M		5 M	Jólaeikrit/rauður dagur	5 L		5 Þ		5 Þ	Sprengidagur	5 F		5 S	Barnamenningarhátíð	5 M	Sumarhátíð	5 F	
6 M	Friðagur verslunarmanna	6 F		6 L		6 Þ		6 F		6 S	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans	6 M	Öskudagur	6 L		6 M		6 F		6 L	
7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 F		7 M		7 F	Leikskólaráðstefnan	7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 S	
8 M		8 L	Dagur læsis	8 M		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 L		8 Þ	Gamli tíminn	8 F		8 F		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 L		9 L		9 Þ		9 F		9 S	Hvítasunnudagur	9 Þ	
10 F		10 M		10 M		10 L		10 M		10 F		10 S		10 S		10 M		10 F		10 M	Annar í hvítasunnu	10 M	
11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 M		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F	
12 S		12 M		12 F		12 M		12 M		12 L		12 Þ		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 F	
13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 L	
14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 F	Litlu jól/Foreldrasúkkulaði	14 M		14 F		14 F		14 S	Pálmásunnudagur	14 Þ	Sveitaferð Miðdal í Kjós	14 F		14 S	
15 M		15 L		15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 F		15 M		15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ		16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 S		16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F		16 S		16 Þ	
17 F		17 M		17 M		17 L		17 M		17 F		17 S	Konudagur	17 S		17 M	Páskaball	17 F	Skipulagsdagur	17 M	Lýðveldisdagurinn	17 M	
18 L		18 Þ		18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 M		18 M		18 F	Skírdagur	18 L		18 Þ		18 F	
19 S		19 M		19 F		19 M		19 M		19 L		19 Þ		19 Þ	Skipulagsdagur	19 F	Föstudagurinn langi	19 S		19 M		19 F	
20 M	Samráð leikskólastjóra	20 F	Foreldrafundur Skógarlundu	20 L		20 Þ	Dagur mannréttinda barna	20 F		20 S		20 M		20 M		20 L		20 M		20 F		20 L	
21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 F		21 M	Skipulagsdagur	21 F	Alþjóðardagur móðurmálsins	21 F		21 S	Páskadagur	21 Þ		21 F		21 S	
22 M	Skólasetning	22 L		22 M		22 F		22 L		22 Þ		22 F		22 F		22 M	Annar í páskum	22 M		22 L		22 M	
23 F		23 S		23 Þ		23 F	Skipulagsdagur	23 S	Þorláksmessa	23 M		23 L		23 L		23 Þ		23 F	Útskrift elstu barnanna	23 S		23 Þ	
24 F		24 M		24 M		24 L		24 M	Aðfangadagur jóla	24 F		24 S		24 S		24 M		24 F		24 M		24 M	
25 L		25 Þ	Foreldrafundur Dvergasteinn	25 F		25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F	Bóndadagur	25 M		25 M		25 F	Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25 L		25 Þ		25 F	
26 S		26 M	Foreldrafundur Álfasteinn	26 F	Námskeiðsdagur leikstjóra	26 M		26 M	Annar í jólum	26 L		26 Þ		26 Þ		26 F		26 S		26 M		26 F	
27 M		27 F	Foreldrafundur Huldusteinn	27 L	Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi bangsadayurinn	27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 M		27 L		27 M		27 F		27 L	
28 Þ		28 F		28 S		28 M		28 F		28 M		28 F		28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 S	
29 M		29 L		29 M		29 F		29 L		29 Þ				29 F		29 M		29 M		29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ		30 F		30 S		30 M				30 L		30 Þ	Barnamenningarhátíð	30 F	Uppstigningardagur	30 S		30 Þ	
31 F	Skipulagsdagur			31 M				31 M	Gamlársdagur	31 F				31 S				31 F				31 M	


Það er mat foreldraráðs að starfsáætlunin gefi góða og skýra mynd af starfinu sem unnið er á Furuskógi. Þannig speglar starfsáætlun leikskólans vel þær áherslur sem Furuskógur hefur haft og áætlað að hafa á komandi starfsári. Leiðarljós leikskólans eru kærleikur, gleði og fagleg umhyggja og það er upplifun okkar að þau hugtök eigi sérlega vel við allt það starf sem fram fer á leikskólanum. Á starfsáætlun má einnig sjá metnað til að gera gott starf enn betra með mælanlegum markmiðum og áætlunum.

Ánægjulegt er að fylgjast með auknu samstarfi við nærsamfélagið, til að mynda með samstarfi við íþróttafélagið í hverfinu, útinámi, heimsóknnum á bóka- og listasöfn og samstarfi við grunnskóla sem og aðra leikskóla.

Rétt eins og áður er það mikið ánægjuefni hversu lítil starfsmannavelta, umfram það sem eðlilegt má telja, er í leikskólanum. Hlýtur slíkt að bera vott um ánægju, samheldni og viðunandi starfsumhverfi. Foreldraráð veit ekki til annars en samskipti starfsmanna leikskólans við foreldra hafi verið með miklum ágætum og að öll þau samskipti fari fram á hreinskilinn hátt, hvort sem það er um eitthvað sem betur má fara eða það sem vel er gert. Hefur leikskólinn enda lagt mikið upp úr góðum samskiptum við foreldra.

Um leið og við þökkum Sigrúnu Björgu Ingþórsdóttur, fráfarandi leikskólastýru, fyrir vel unnin störf og gott samstarf bjóðum við Ingibjörgu Brynjarsdóttur, leikskólastýru, og Helgu Sigurðardóttur, aðstoðarleikskólastýru, velkomnar til starfa og hlökkum til að eiga áfram gott samstarf við þær.

Reykjavík 18.09, 2018



Guðrún Þóra Hálfeldánsdóttir

